

Mál nr. 50/2018
M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingu launþega hjá X.

Ágreiningur um túlkun á slyshugtakinu.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttakið 8.2.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 23.2.2018.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var M við vinnu sína hjá X þann 11.2.2016 að færa 200 lítra olíutunnu af palli bifreiðar þegar tunnan byrjaði að falla. Kveðst M hafa gripið tunnuna til þess að forða því að hún skylli út í vegg. Við það hafi M fengið mikinn slink á handlegg og öxl. M leitaði samdægurs á bráðamóttöku Heilsugæslunnar í Salahverfi.

Í bráðamóttökuskrá heilsugæslunnar segir m.a. að M sé með verk „...í vinstri upphandlegg eftir áreynslu.“. Þar segir einnig að M hafi fengið skyndilegan verk í vinstri upphandlegg þegar hann var að reyna á handlegginn og að honum hafi fundist eitthvað gefa sig.

Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins dags. 7.12.2016 er atvikinu lýst með þeim hætti að M hafi verið að færa olíutunnu þegar tunnan féll til baka og M hafi ætlað að halda við tunnuna og fengið slink á handlegg og rífið vöðva.

M vísar m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 412/2011 og þess að atvik í máli þessu séu hliðstæð að því leyti að um sé að ræða slys í skilningi vátryggingaréttar. Telur M því að bótaskylda sé því fyrir hendi úr slysatryggingunni.

V hafnaði bótaskyldu með þeim rökum að ekki hafi verið um utanaðkomandi atburð að ræða og því falli atvikið ekki undir slyshugtakið og þar af leiðandi ekki undir slysatrygginguna.

Álit.

Í skilmálum slysatryggingarinnar kemur fram að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Óumdeilt er að M slasaðist þann 11.2.2016 þegar hann var að færa olíutunnu af palli bifreiðar. Af gögnum málsins, þ.m.t. lýsingu M á atvikum og upplýsingum úr bráðamóttökuskrá Heilsugæslunnar í Salahverfi verður ekki séð að atvik í máli þessu séu hliðstæð þeim sem um ræðir í dómi Hæstaréttar í máli 412/2011. Hefur hann því ekki fordæmisgildi í máli þessu. Við heildstæða skoðun á gögnum málsins benda þau hins vegar eindregið til þess að líkamsmeiðsli M verði rakin til innra ástands og/eða ofreynslu en ekki utanaðkomandi atburðar eins og kveðið er um í skilmálum tryggingarinnar. Getur því ekki stofnast bótaréttur úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 13. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.